Vestmannaeyjum, 15. apríl 1951

Herra prófessor Matthías Þórðarson.

Ég sendi yður hér með tvær myndir af Sigfúsi Sigfússyni þjóðsagnasafnara frá Eyvindará.

Ég þekkti Sigfús vel, þegar ég var unglingur heima í Seyðisfirði. Var hann þá stundum á ferð með kistuna, sem jafnan geymdi eitthvað af handritum hans. Á kvöldvökum las hann upp úr handritum sínum þjóðsögur og sagnir, þar sem hann gisti, og var ég svo lánsamur að æskuheimili mitt, Þórarinsstaðir í Seyðisfjarðarhreppi, var einn þeirra bæja sem Sigfús gisti, þegar hann var á ferðinni um sveitina.

Mér finnst æ síðan, að ég standi í þakklætis skuld við Sigfús Sigfússon.

Næsti bær við Þórarinsstaði, utar í firðinum sunnanmegin, er Austdalur. Þar átti Sigfús einnig gott til vina, og gisti þar jafnan nokkrar nætur

á þessum fyrstum tímum.
Ég minnist þess eitt sinn, er Sigfús var gestur í Aðaldal, að ég kom þar. Barst talið þá að mynd þeirri sem Ríkharður myndhöggvari Jónsson gerði af Sigfúsi. Var Sigfús ánægður með þá mynd, að mestu leyti. Sagði þá mynd þá einu, sem til væri af sér, sem líktist sér nokkuð. Spurði þá bóndinn þar, Oddur heitinn Sigfússon, frændi hans, (Sigfúsar), hvort ekki væru til af honum ljósmyndir. Sigfús svaraði því til, að hann kærði sig ekki um að ljósmynd-arar gerðu sig að skrípi. Réðum við það af svarinu að fátt mundi vera til af myndum af Sigfúsi ~~annar~~ aðrar en sú, sem Ríkharður gerði.
Ég átti þá myndavél 6×9 að stærð, og hugsaði mér að freysta þess að ná mynd af Sigfúsi. Færði ég það lauslega í tal við hann, en hann tók því alls fjarri. Bóndi bað mig þá að tala við sig úti á hlaði, og var erindi hans

það, að ég nálgaðist myndavél mína og kæmi með hana í Ausdal næsta sunnudag, ef gott yrði veður, og skyldi þá reynt að ná myndum af Sigfúsi með einhverjum brögðum, ef ekki tækist betur til. Hét ég því að reyna myndatökuna umgetinn dag.

Næsta sunnudag, sem mun hafa verið snemma í september 1929, var veður hið fegursta. Kom ég að Ausdal á ákveðnum degi og hafði með mér myndavélina.

Barst talið þá að steindröngum nokkrum, sem stóðu á klettasillunum í fjallinu „Flammi", sem er á milli bæjanna Þórarinsstaða og Ausdals. Sigfúsi þótti drangar þessir hinir merkilegustu, og taka á sig mannamyndir úr ýmsum afstöðum. Kallaði hann dranga þessa „tröllin í Flammanum". Var honum þetta hugnæmt umræðuefni. Var svo ákveðið að labba inn með á(r)ni og virða fyrir sér drangana eða tröllin, og sagðist ég mundi geta náð sæmilegum

myndum af þeim. En aðalbrögð voru
einnig fyrirhuguð. Önnur myndin varð
til á leiðinni inn með ánni, en hin
svo litlu síðar, þegar Sigfús var að virða
fyrir sér „tröllin". Ekki varð neitt af
því að ég tæki myndir af „tröllunum", og
spurði gamli maðurinn aldrei eftir þeim.
Þessar tvær myndir fann ég nú í fórum
mínum. Þykir mér þær í rauninni merki-
legar. Bæði nú það, að þær eru af þessum
merkismanni, og svo hitt, á hvern
hátt þær náðust af honum óvörum.
Filmurnar á ég einnig óskemmdar.
Mér datt í hug, herra prófessor, að yður
kynni að þykja gaman af að eiga þessar
myndir af Sigfúsi. Mér ~~var~~ er kunnugt
um það að Sigfús mat yður mjög mikils
og tel ég víst, að hann myndi hafa
gefið yður þær sjálfur, ef að ég hefði látið
hann fá þær, en það vildi ég ekki gera
af ástæðum, sem að næstu koma fram
hér á eftir í bréfi þessu.

þér fyrirgefið, hvað ég hefi nú orðið langorður um myndir þessar. En mér er Sigfús heitinn svo hugstæður, og það mun víst mestu um hafa ráðið.

En það er annað, sem mér datt í hug að rita yður um, fyrir nokkrum árum síðan. Það var beinafundurinn á Þórarinsstöðum. Hefði yður verið kunnugt um þann fund, eins og honum í raun réttri var, þá er ég þess full viss að yður hefði leikið hugur á að láta rannsaka hann, og ekki hvað síst staðinn, sem ~~hann~~ beinin fundust í. Það var ég sem fann þau. Gerði ég þegar báði presti og sýslumanni aðvart um fund þennan, og sýslumaðurinn gaf og skýrslu um beinafundinn, og á ég til afrit af henni í fórum mínum. Ennþá mun vera hægt að rannsaka stað þennan, því að ég spillti honum það minnsta, sem mögulegt var.

Með vinsemd og virðingu
Sigurður Magnússon, verkstjóri
Vesturveg 19 Vestmannaeyjum

Myndir af Sigfúsi Sigfússyni þjóðsagnaritara og upplýsingar um þær

Aðkomið

REYKJAVÍK 18. IV. 51

Herra prófessor Matthías Þórðarson

Fylgir Mms.
nr. 22817 - 19.

Vonarstræti 8

Reykjavík

41.00
35.35
5.65